

Nd. **119. Frumvarp til laga** [116. mál]

um breyting á lögum um grunnskóla, nr. 63/1974, með áorðnum breytingum.

Flm.: Sigurlaug Bjarnadóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Alexander Stefánsson,
Guðrún Helgadóttir, Pétur Sigurðsson, Birgir Ísl. Gunnarsson.

1. gr.

42. gr. laganna f-liður hljóði þannig:

Fræðslu um áhrif af neyslu áfengis og annarra ávana- og fíkniefna.

Fyrrum f-liður verður g-liður og aðrir stafliðir færast aftur samkv. því.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var borið fram á síðasta vörþingi, en hlaut þá ekki afgreiðslu. Málið er nú endurflutt og fylgir því sama greinargerð, en lítið eitt lengri.

Með frv. þessu er lagt til að tekin séu inn í gildandi grunnskólalög ákvæði varðandi fræðslu um áhrif af neyslu áfengis og annarra ávana- og fíkniefna. Í 42. gr. laganna er kveðið svo á, að menntamálaráðuneyti skuli setja grunnskólum aðalnámsskrá þar sem nánar er kveðið á um kennslu í þeim greinum sem taldar eru upp í 42. gr. í ellefu staflíðum. Með samþykkt þessa frumvarps yrðu staflíðirnir tólf.

Það er í rauninni undarlegt, að ákvæði um þessa fræðslu skuli hvergi að finna í sjálfum grunnskólalögum, en skólanum engu að síður gert að inna hana af hendi samkvæmt ákvæðum í öðrum lögum. Er þar átt við gildandi áfengislög frá 1969, en þar eru skýlaus ákvæði um fræðslu í skólum landsins um áhrif áfengisneyslu. Einnig er til allitarleg reglugerð um bindindisfræðslu, er gefin var út árið 1956, skv. 31. gr. eldri áfengisлага frá 1954. Þessi gömlu ákvæði í lögum og reglugerð standa vissulega fyrir sínu, en það er skemmt frá að segja, að þeim hefur verið mjög slæga eða alls ekki framfylgt.

Flutningsmenn þessa frv. telja að samþykkt þess þurfi ekki af sjálfu sér að leiða til afnáms þessara ákvæða, sem fyrir eru í áfengislögum og reglugerð, þó svo að þau séu að sumu leyti úrelt orðin og þurfi breytinga við, það sé hins vegar eðlilegt og sjálfsagt að þessi fræðsluþáttur sé tekinn inn í núgildandi grunnskólalög og námsskrá, sem skólar landsins starfa eftir. Sérstaklega skal á það bent, að önnur ávana- og fíkniefni en áfengi eru ekki nefnd á nafn í fyrrnefndum lögum og reglugerð, enda eru þau samin á þeim tíma þegar kannabis og önnur þaðan af sterkari fíkniefni voru svo til óþekkt fyrirbæri hér á landi. Nú er hins vegar svo komið, að nauðsynlegt er að brugðist sé við með öflugum fyrirbyggjandi starfi gegn því, að þessi vágestur nái hér frekari fótfestu. Ekki verður séð að þessi efni hafi komið í stað áfengis, heldur til viðbótar. Mun ekki ofmælt að hver einasta fjölskylda í landinu sé nú í meiri eða minni mæli tengd eða ofurseld erfiðleikum og hörnungum vegna neyslu áfengis og annarra fíkniefna.

Fyrirbyggjandi starf getur farið fram eftir ýmsum leiðum. Upplýsingar og fræðsla eru ein leiðin. Sú leið er bæði vandrotuð og viðkvæm, getur gert illt verra ef ekki er rétt á haldið. Vafalaust verður fræðslan að vera hlutlæg og raunsæ og örva nemendur til sjálfstæðrar skoðanamyndunar og ábyrgrar afstöðu til neyslu þessara efna. Mikilvægt er einnig að starfandi kennarar og kennaraefni gangi til verks með upplýstu og jákvæðu hugarfari.

Lög og reglugerðir leysa hér ugglaut engan vanda, nema fyrir hendi sé áhugi og skilningur meðal þeirra aðila sem framkvæmdin mæðir á. Óhætt er að fullyrða að sá áhugi og góður vilji er til staðar hjá íslenskum skólamönnum og öðrum þeim sem vinna að varnaðarstarfi á sviði áfengis- og fíkniefnamála. Ýmis ný viðhorf og hugmyndir, sem binda má vonir við, eru þar til umfjöllunar og úrvinnslu.

Í því sambandi skal bent á að snemma á þessu ári fóru tveir menn frá menntamálaráðuneytinu í náms- og kynnisferð til Bretlands í því skyni að kynna sér fræðslu um ávana- og fíkniefni innan skóla sem utan. Þessir menn voru þeir Sigurður Pálsson námsstjóri í kristnum fræðum, sem hefur jafnframt umsjón með bindindisfræðslu, og Ingvar Sigurgeirsson námsstjóri í samfélagsfræðum. Þessi ferð var farin í boði UNESCO sem hefur að undanfögnu staðið fyrir umfangsmiklum aðgerðum á sviði ávana- og fíkniefnamála og gefið út ítarlega skýrslu þar sem birtar eru niðurstöður rannsókna.

Ákvæði það, sem þetta frumvarp gerir tillögu um að bætt verði inn í grunnskólalögin, mundi því falla í frjóan jarðveg og skapa um leið eðlilegan grundvöll að þessum vandmeðfarna fræðsluþætti innan skólanna.